

Fundargerð

Árið 2025, mánudaginn 10. febrúar kl. 17:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Nýtt líkan Jöfnunarsjóðs

Fram kom að frumvarp til nýrra laga um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé á þingmálaskrá 156. Löggjafarþings árið 2025. Um er að ræða heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem reglur um starfsemi sjóðsins verða fluttar úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga í ný heildarlög. Einnig verður lögð til sú breyting að nokkur af helstu framlögum sjóðsins verða sameinuð í eitt framlag. Meginhlutverk verði áfram að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

Enn fremur kom fram að frumvarpið byggir í öllum aðalatriðum á því frumvarpi sem þáverandi innviðaráðherra lagði fram um breytingar á Jöfnunarsjóði á Alþingi í nóvember 2024. Markmið frumvarpsins er að reglur sjóðsins endurspegli betur þær breytingar sem orðið hafa á sveitarstjórnarstiginu og þar með auki gæði jöfnunarframlaga sjóðsins.

Kom fram að innviðaráðherra hafi falið ráðgjafarnefndinni að taka upp málið aftur og gera endanlegar tillögur í samráði við ráðherra um endanlegar tillögur í nýju frumvarp. Breytingar hafi því verið gerðar á fyrra frumvarp í ljósi framkominna athugasemda á sínum tíma.

Í máli starfsmanna kom fram að nauðsynlegt sé að frumvarpið fari í samráðsgátt ekki síðar en 14. febrúar þar sem það muni liggja í 2 vikur. Þá mun frumvarpið fara til yfirlstrar í

dómamálaráðuneytinu og verða tekið til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og síðan er gert ráð fyrir að hægt verði að leggja frumvarpið fram í ríkisstjórn 21. mars.

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs fóru yfir helstu breytingar sem orðið hafa á frumvarpi því sem nú er í vinnslu og því sem lagt var fram 2023. Grunnvirkni líkansins er óbreytt og byggir á heilstæðri jöfnun á grundvelli tekjuöflunarmöguleika, stærðarhagkvæmni og útgjaldabörfum sveitarfélaga. Þær breytingar sem farið var yfir eru eftirfarandi:

Fallið frá byggðapotti

Í frumvarpi sem lagt var fram 2023 var gert ráð fyrir að haldið yrði eftir hluta framlaga við almenna úthlutun sem úthluta mætti til þeirra sveitarfélaga sem búa við byggðavanda. Með nýrri útgjaldabreytu sem byggir á lágu fasteignamati og fangar þau markmið sem ná átti með byggðapotti er fallið frá sérstakri úthlutun fram hjá almennu líkani með þessum hætti nú.

Fyrirkomulagi hámarksframlaga úr sjóðinum breytt.

Í fyrra frumvarpi var kveðið á um að ekkert sveitarfélag gæti fengið hærri framlög en 9% heildarfjármagns sjóðsins. Reglan kom í veg fyrir sameiningar stórra sveitarfélaga án þess að veruleg skerðing yrði á framlögum úr sjóðinum. Ný regla miðar við ákveðinn milljónasta hluta af heildarfjármagni til ráðstöfunar á hvern íbúa, en sá hluti er þó háður stærð sveitarfélaga.

Breytt útfærsla á stærðarhagkvæmni í líkaninu

Lögun tekjuhagkvæmniferils hefur verið aðlagður frá frumvarpi 2023. Þannig hafa efri mörk stærðar sveitarfélaga verið færð upp en á móti hefur stærðarhagkvæmni verið aukin og fallið hefur frá því að „dempa“ vægi útgjaldastuðuls stærri sveitarfélaga. Breytingin einfaldar nokkuð virkni stærðarhagkvæmni í líkaninu.

Vægi útgjaldabreyta breytt

Ný útgjaldabreyta, lágt fasteignamat kemur inn með nokkru vægi í útgjaldastuðul líkansins og þarf að aðlaga vægi annarra breyta niður á við á móti frá því sem var í frumvarpi 2023, útgjaldabreytan á eingöngu við sveitarfélög með hið minnsta einn byggðarkjarna. Því lækkar vægi flestra breyta í líkaninu. Þá er öðrum breytum einnig breytt vegna aukinnar þekkingar á

vægi undirliggjandi stærða í kostnaði sveitarfélaga eða til að draga úr neikvæðum hvötum, t.d. til sameininga. Einnig er tekið tillit til gæða þeirra breyta sem í líkaninu eru, m.a. til að minnka sveiflur í niðurstöðu líkansins á milli ára. Ein önnur útgjaldabreyta hækkar í vægi frá frumvarpi 2023 en það er fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn. Þá er nú að hámarki tekið tillit til fjögurra þéttbýlisstaða í hverju sveitarfélagi.

Eftir að hafa fjallað um helstu breytingar á frumvarpinu kom fram að áfram sé gert er ráð fyrir því að Reykjavíkurborg fái framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál, að sérstakt framlaga verði veitt til Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar vegna borgarvægis og að nýti sveitarfélög ekki útsvar að fullu komi til skerðingar á framlögum.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 18:25.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir